



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/214**  
**komudagur 10.10.2013**

Grundarfirði, 8. október 2013.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum , 44. mál.**

Bæjarstjórn Grundarfjarðar tekur undir þingsályktunartillöguna. Bæjarstjórn bendir á að ef auðlindir þjóðarinnar séu skattlagðar eigi að skattleggja þær allar með sambærilegum hætti, hvort sem um er að ræða fiskimið eða orkuauðlindir.

Sjávarútvegur er kjarninn í atvinnulífi Grundfirðinga. Ef skattleggja á sjávarútveg sérstaklega umfram aðrar atvinnugreinar er eðlilegt að þau sveitarfélög sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi fá notið hluta þeirrar skattlagningar, s.s. vegna sérstaka veiðigjaldsins.

Flest sjávarútvegssveitarfélög eru í vörn, tekjur margra þeirra hafa lækkað og íbúum fer fækkandi. Íbúar þessara sveitarfélaga eiga síst við því að fyrirtæki þeirra beri auknar byrðar af greiðslum í ríkissjóð, umfram aðra og þurfa á sama tíma að þola gríðarlegan niðurskurð í þjónustu sem ríkið ber ábyrgð á.

Virðingarfyllst,

  
Björn Steinar Pálmason

bæjarstjóri